



Eitt af hverjum fimm börnum í Evrópu er talið verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af einhverri tegund, t.d. sífaspjöllum, klámi, vændi, mansali, tælingu í gegnum netið, kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun. Í ljósi þess hve vandinn er mikill, hóf Evrópuráðið árið 2010 EITT af hverjum FIMM herferðina til að efla allsherjar vitundarvakningu - barna, foreldra og þeirra sem hafa samskipti við börn - og til að vinna að því að hin 47 aðildarríki Evrópuráðsins og ríki utan þess staðfesti og innleiði samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegu ofbeldi, einnig nefndur Lanzarote samningurinn.

Sveitarstjórnir eru í lykilllutverki, ásamt ríkisstjórnnum þegar kemur að því að vernda mannréttindi þ.a.m. öryggi og velferð barna og ungmenna sem búa innan landamæra þeirra. Þjónustan sem þarf að veita til að hjálpa þolendum kynferðislegs ofbeldis og misnotkunar verður einkum veitt á sveitarstjórnarstigi. Það er á þessu stigi sem forvarnir og aðgerðir til vitundarvakningar geta haft mest áhrif. Sveitarstjórnir eru því í framvarðarsveit í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og þau verða að móta og innleiða aðgerðaráætlanir og úrræði til að bæði fást við og koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi í framtíðinni.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins hefur sett saman Samþykkt bæja og sveitarfélaga um stöðvun kynferðisofbeldis gegn börnum til að leiðbeina yfirvöldum í baráttu þeirra gegn kynferðislegri misneytingu og misnotkun. Í samþykktinni eru taldar upp raunhæfar frumkvæðisaðgerðir og úrræði sem koma þarf í framkvæmd í sveitarfélögum í því skyni að þróa barnvænlega þjónustu, vernda börn og hjálpa til við að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi í samfélaginu.

ISL

PREMS 01/4415



one in five
un sur cinq

Framlag sveitarstjórnarþingsins
til EITT af hverjum FIMM herferðar
Evrópuráðsins

Verkfærasett
herferðarinnar